Rannsóknarverkefnið
"ÉG OG FJÖLSKYLDAN MÍN".

Unnið af börnum fæddum 2004 í Gulahóp á Hamri
Febrúar – júní 2008
Hópstjóri: Tatjana Lind Jónsson

Unnið var með Könnunaraðferðinni (The Project Approach).
Stuðst var við bókina
Young Investigators
The Project approach in the early years.
Eftir: Judy Harris Helm og Lilian Katz

Könnunarverkefni
Guli hópur.

Kæru foreldrar, nú erum við lögð af stað í nýtt könnunarverkefni "Ég og fjölskyldan mín"urðu fyrir valinu í lýðræðislegri kosningu.

Hvað er könnunaraðferð?
Þessi aðferð er ekki ný af nálinni heldur á uppruna sinn m.a. í róttækum hugmyndum opinna skóla sem komu fram á sjónarsviðið fyrir yfir þrjátíu árum síðan. Einnig ber aðferðin keim af Reggio Emilia[1] hugmyndafræðinni og hafa höfundar aðferðarinnar horft mikið til útfærslu Reggio stefnunnar. Litið er á að nám verði merkingarbært fyrir börn ef þau leita svara og bera ábyrgð á eigin námi. Því er mikilvægt að lagt sé uppúr virkni barnanna, sjálfstæðri hugsun og ígrundunar.
Foreldrasamstarf og þátttaka foreldra er mjög mikilvæg í námi barna og hefur áhrif á árangur barnsins í leikskólanum. Þátttaka foreldranna getur átt sér stað á margvíslegan hátt t.d. með beinni þátttöku og aðstoð í vettvangsferðum, kynningu á viðfangsefni, skapa tengsl við vinnustaði, efni sem til er á heimili og tengist viðfangsefninu eða hlusta á kynningu á verkefninu hjá börnunum svo eitthvað sé nefnt.
Markmið könnunaraðferðarinnar er að mennta börnin á þeirra forsendum og efla víðsýni þeirra og munum við hafa það að leiðarljósi við vinnu okkar á þeim verkefnum sem við tökumst á við í vetur. Ásamt því að tengja öll námsvið leikskólans við rannsóknarverkefnið.

Ferli aðferðarinnar er í þremur stigum sem ég mun rekja í stuttum máli hér á eftir:

Á **1. stigi** er athugað hvað börnin vita um efnið sem á að vinna með. Vefur er unnin með börnunum með samtölum þar sem vitneskja þeirra og spurningar koma fram. Þær upplýsingar verða síðan kveikjan að viðfangsefninu.

Þegar komið er á **2.stig** er vinna á vettvangi skipulögð og athugað hvaða efni er til staðar einnig hvaða möguleikar eru í nánasta umhverfi. Hvaða efnivið höfum við yfir að ráða bækur, sönglög, myndir, liti pappír o.fl. Vettvangsferðir, úrvinnsla með umræðum teikningu, líkönum eða heimsóknir sérfræðinga.

3. Stig er það síðasta þar fer fram mat og kynning á verkefninu. Samskiptanám; börnin fá tækifæri til að gefa persónulegar upplýsingar um eigin könnun viðfangsefnisins og valdir eru út ákveðnir þættir til kynningar. Þar fá börnin að deila vitneskju sinni með öðrum.

---

[1] Hugmynda fræði Reggio Emilia stefnuna er hægt að lesa um í bókinni *Börn hafa hundrað mál* sem Kjarvalsstaðir í Reykjavík gáfu út 1988 í tengslum sýningu á myndlistaverkum ítölsku barna frá skólum Reggio Emilia. Einnig er mikið efni á netinu.

Febrúar 2008.

Við teiknum fjölskyldu.



Mars 2008

Við segjum frá fjölskyldunni.



Mars 2008.

Fjölskylda úr einingakubbum.



2. apríl 2008

Svona er ég.

GAP

NIKE

Apríl 2008

Við vorum að búa til mömmu og pabba í Fornagarði.

Apríl 2008

Við vorum að búa til hús fyrir fjölskylduna.

68

Maí 2008

Við vorum að leira okkur: “Ég sjálfur.”

Könnunarverkefninu lauk með sýningu 11. júní 2008. á verkefnum barnanna, þar sem þau miðluðu þekkingu sinni.

Gabriel